

Nr. 060 / 12 Skemmtibátur**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. óskráður
Smíðaður: USA 2007, plast
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: 5,85 m Skráð lengd:
Breidd: m Dýpt: m
Vél: Tohatsu utanborðsvél 65 kW (90 hö) 2007
Fjöldi skipverja: 1



Bayliner 180 ©Framleiðandi

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. júní 2012 var skemmtibát siglt um Eyjafjörð. Veður: Logn

Þegar komið var út fyrir Svalbarðseyri stöðvaðist báturinn þar sem skrúfan snerist ekki en vélin gekk eðlilega. Formaður óskaði eftir aðstoð til hafnar og var björgunarbáturinn Súlur sendur á staðinn og dró hann bátinn til Akureyrar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn viðgerðarmanns, sem kom að viðgerð mótorsins, var bilunin í tannhjólum í hældrifi og einnig hafði „öryggishula“ (flesible soupling) í skrúfuháusnum rofið tengingu skrúfu. Mikið svarf úr hjólunum var í hælum og var það hreinsað, skipt um alla skemmda hluta ásamt legum og pakkdós;
- að eigandi taldi orsök bilunarinnar hafi verið sú að of strekkt var á skiptibarka á milli vélar og stjórnækis. Þetta hafi valdið því að vélin var komin á of mikinn snúning áður en gírinn kúplaði inn skrúfu;
- að sögn eiganda hafði hann aldrei fengið í skrúfuna áður. En aftur á móti hafði hann veitt því athygli að hljóðbreyting kom í gírinn eða drifið þegar hann var á siglingu um tveimur vikum áður en þá rak hann gírinn mjög harkalega í afturábak.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Nefndin beinir því til notenda svipaðs stjórnbúnaðar að vera vakandi fyrir því að vélin snúist á hæfilegum hraða þegar gírinn kúplar að skrúfu. Laga það sjálfir eða kalla til viðgerðarmann til að stilla þetta svo hæfilegt sé.